

44. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 1. nóvember 2019 kl. 8:10.

Fundinn sátu:

Dögg Gunnarsdóttir, skólastjóri
Arna B. Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri
Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Hekla Arnardóttir, fulltrúi foreldra
Einar Örn Daníelsson, fulltrúi kennara
Hulda Helgadóttir, varafulltrúi starfsmanna
Kristrún Bára Bragadóttir, fulltrúi nemenda
Úlfheiður Linnét, fulltrúi nemenda

Dagskrá fundarins

1. Fundagerð síðasta fundar
2. Nýr agaferill
3. Haustfundir
4. Umræður um samstarf
5. Önnur mál
 - a. Eftirfylgni gæsla
 - b. Stuðningur við erlenda nemendur sem flytja til Íslands tvítyngd
 - c. Foreldrarölt
 - d. Skólahreysti
 - e. Tæknikennsla
 - f. Vímuefnaneysla

1. Lesin fundargerð síðasta fundar

2. Nýr agaferill kynntur

3. Haustfundir

Haustfundir, foreldrar boðaðir í skólann eftir stigum. Tillaga kom frá kennurum að foreldrar fái meiri tíma til að hitta kennara og foreldra inni í bekkjastofum.

Foreldrum var sendur póstur heim þar sem þeir áttu að svara hvernig þeir vilja sjá foreldrasamstarf í skólanum. Foreldrar svöruðu að það mætti skoða betur þátttöku foreldra í foreldraröltinu og bekkirnir væru of stórir.

Búið er að panta barmspjöld fyrir starfsmenn skólans.

4. Umræður um samstarf

Festa fundi niður fyrir veturinn. Beðið um að boð á skólaráðsfund sé sent tímanlega.

5. Önnur mál

• Gæsla í frímínútum,

Verið er að undirbúa samstarf við nemendur í 10. bekk að taka þátt í gæslu í frímínútum. Mikilvægt er að fá skólabjöllu svo nemendur heyri þegar hringt er inn ef þeir eru staddir á gervigrasvellinum.

• Stuðningur við erlenda nemendur sem flytja til Íslands.

Dögg ræddi um að nemendur fengju aðstoð í skólanum sem þess þarf. Oftast fengi nemandinn stuðning inni í bekk, ekki alltaf tekin út í stuðning.

- **Foreldrarölt**

Foreldrar mættu vel á kynningu fyrir foreldra um mikilvægi foreldraröls í haust. Þáttaka var góð í fyrsta foreldraröltið.

- **Tæknikennsla**

Rætt var um möguleika þess að koma á kennslu í forritun. Skólinn á tækni LEGO sem gaman væri að nýta í kennslu. Hekla er tilbúin að koma á fund í UT og vera með í stefnumótun fyrir skólann. Stefnt er að því að hafa Skólaping eftir áramót Hekla er tilbúin að vera með í undirbúningi þess.

- **Vímuefnaneysla**

Fyrirspurn kom hvort það sé möguleiki að setja á reglubundnar vímuefnakannanir.

- **Skólahreysti**

Foreldrar vildu að skólinn tæki þátt í Skólahreysti. Mikilvægt er að hvetja nemendur til að taka þátt. Kanna hvort það sé hægt að bjóða það í valáfanga eftir áramót.

- Næsti fundur ákveðinn 6. desember kl. 8:10 2019.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:15

Fundargerð ritaði aðstoðarskólastjóri.